

## ÚRSKURÐUR NR. 2/2011.

**Kærð var endurákvörðun Tollstjóra sem birt var í úrskurði hans um tollflokkun á latexhönskum. Kærandi krafðist þess að ákvörðun Tollstjóra verði felld úr gildi. Ríkistollanefnd breytti tollflokkun vörunnar.**

Með tölvubréfi til ríkistollanefndar, þann 14. apríl 2011, kærir L. f.h. A. ákvörðun Tollstjóra, sem birt var í úrskurði 3/2011, um endurákvörðun gjalda af innflutningi á einnota latexhönskum fyrir sjúkrastofnanir. Um er að ræða alls ellefu sendingar fluttar inn á árunum 2006 - 2010. Tollstjóri telur að tollflokka beri vöruna í tnr. 4015.1909. Kærandi krefst þess að ákvörðun tollstjóra verði felld úr gildi og varan verði tollflokkuð í tnr. 4015.1100.

I

Í hinum kærða úrskurði Tollstjóra kemur m.a. fram að með bréfi dags. 10. janúar 2010 hafi innflytjanda verið tilkynnt að til þess gæti komið að Tollstjóri endurávarðaði aðflutningsgjöld af eftirtöldum sendingum:

Sendingarnúmer	Tollafgreiðsludagur
S ARN 12 05 9 NL RTM W050	13.05.2009
E BRU 04 01 0 DE HAM W043	08.01.2010
S HEG 01 12 9 DE CUX W005	01.12.2009
S ARN 04 08 9 NL RTM W094	06.08. 2009
S HEG 06 02 8 DE CUX W040	07.02.2008
S ARN 23 03 7 DE CUX W079	26.03.2007
S ARN 17 12 8 DE CUX W020	17.12.2008
S AKR 14 04 8 NL RTM W068	14.04.2008
S AKR 31 03 8 NL RTM W116	01.04.2008
S HEG 25 02 9 NL RTM W054	25.02.2009
S HEG 11 07 5 DE CUX W032	11.07.2006

Allar þessar sendingar innihéldu einnota skoðunarhanska frá fyrirtækinu Semperit Technische Produkte í Austurríki. Innflytjandi tollflokkaði hanskana í tnr. 4015.1100 sem hanska til skurðlækninga. Tollstjóri telur að hanskar þessir eigi að tollflokka í tnr. 4015.1909.

Orðrétt segir í úrskurði Tollstjóra:

*„Í máli þessu er deilt um hvort einnota skoðunarhanskar, sem innflytjandi flutti til landsins, geti talist til hanska til skurðlækninga í skilningi tollskrárnúmers 4015.1100.*

*Tollstjóri getur ekki fallist á að einnota skoðunarhanskar teljist skv. íslenskri málvenju vera þýðing á enska hugtakinu „surgical gloves“. Með þessu hugtaki er átt við hanska til skurðlækninga eins og bein þýðing framangreinds orðasambands gefur til kynna. Skoðunarhanskar eru almennt nefndir á ensku examination gloves. Að mati tollstjóra er hugtakið „hanskar til skurðlækninga“ mun skýrara og þrengra heldur en hugtakið skoðunarhanskar og verður að líta til þess við túlkun á því hvaða hanskar falli undir umrætt tollskrárnúmer. Í samræmi við túlkunarreglu nr. 1 við tollskrá verða hanskar sem flokkast eiga í tollskrárnúmer 4015-1100 að vera sérstaklega gerðir til skurðlækninga - ekki almennrar læknisskoðunar eða annars.*

*Sambærilegt ákvæði er að finna í tollskrá Evrópusambandsins (Brusselskránni). Í skýringarbókum sambandsins við umrætt tollskrárnúmer segir:*

*„Subheading Explanatory Note.*

*Subheading 4015.11*

*Surgical gloves are thin, highly tear-resistant articles manufactured by immersion, of a kind worn by surgeons. They are generally presented in sterile packs.“*

*Tollstjóri getur ekki fallist á að þeir hanskar sem hér er deilt um tollflokkun á geti talist til hanska til skurðlækninga. Þeim er ekki sérpakkað í sterilíseraðar umbúðir, heldur eru 100 hanskar (eða fleiri) saman í kassa. Þeir hanskar sem hér um ræðir eru frá fyrirtækinu Sempermed. Á heimasíðu fyrirtækisins (Sempermed.com) er öllum hönskum sem fyrirtækið framleiðir skipt í tvo flokka, þ.e. surgical gloves og examination gloves. Hanskar þeir sem hér er um fjallað eru allir sagðir vera examination gloves. Hanskar sem kallaðir eru hanskar til skurðlækninga (surgical gloves) eru allir sérpakkaðir og sótthreinsaðir (steríleseraðir). Rétt þykir að taka það fram að innflytjandi hefur einnig flutt inn hanska til skurðlækninga (surgical gloves) frá sama fyrirtæki og hefur tollstjóri ekki gert athugasemdir við tollflokkun á þeim. Á heimasíðu fyrirtækisins [eirberg](#) eru umræddir hanskar kynntir sem skoðunarhanskar á meðan skurðlækningahanskar eru kynntir sem „extra þunnir skurðhanskar með frábæru gripi“. Til viðbótar framangreindu má almennt segja um mismuninn á framangreindum hönskum að hanskar til skurðlækninga eru yfirleitt mun dýrari í verði heldur en skoðunarhanskar.*

*Vakin er athygli á því að fyrirtækið flutti inn examination gloves bæði úr gúmmíi og einnig úr plasti. Það er álit tollstjóra að plasthanskarnir eigi að flokkast í tnr. 3926-2000 og gilda um þá tollflokkun sömu rök og færð voru fyrir að gúmmíhanskarnir eigi að flokkast í tnr. 4015-1909.*

*Í andmælum innflytjanda kemur fram að umrædd tollflokkun sé í samræmi við tilmæli tollyfirvalda. Ekki er sýnt fram á hvernig eða hvenær tollyfirvöld lögðu fram*

Þessi tilmæli um flokkun þessarar vöru. Ef fyrirtæki er í vafa um hvernig beri að tollflokka vöru geta þau leitað til tollstjóra og fengið bindandi álit um tollflokkan vöru samkv. 21. gr. tollalaga nr. 88/2005. Ekki er til þess vitað að fyrirtækið hafi lagt fram slíka beiðni til tollayfirvalda.

Einnig er á það bent að fyrirtækið flutti inn sambærilega hanska í sendingu nr. E-SEL1810-0-DE-HAM-W098 og tollflokkaði vöruna í tnr. 4015-1100 sem hanska til skurðlækninga. Tollafgreiðsludeild embættisins gerði athugasemd við sendinguna og taldi að hún ætti að flokkast í tnr. 4015-1909. Var það samþykkt án athugasemda frá fyrirtækinu.

Með hliðsjón af því sem rakið er hér að framan og þeim rökum er fram koma í fyrirhuguðum úrskurði tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda þykir ekki tilefni til að fallast á andmæli fyrirsvarsmanns fyrirtækisins. Boðaðar breytingar koma því til farmkvæmda með úrskurði þessum.“

Niðurstaða Tollstjóra var því á þá leið að telja að aðflutningsgjöld af umræddum sendingum hafi ekki verið rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu þeirra. Hann ákvarðaði því gjöld á nefndar sendingar og nemur endurákvörðun hans með dráttarvöxtum kr. 8.752.703.-

## II

Lögmaður innflytjanda (hér eftir kærandi) krefst þess að endurákvörðun Tollstjóra verði felld úr gildi og varan verði tollflokkuð í tnr. 4015.1100 (hanska, belgvettlinga og vettlinga, ætlaða til skurðlækninga), líkt og framleiðandinn geri samkvæmt úrskurði austurrískra tollayfirvalda, sem starfi undir sameiginlegum tollaramma Evrópska efnahagssvæðisins. Kærandi bendir á að með ákvörðun Tollstjóra hafi hanskarnir verið tollflokkaðir sem fatnaður og hlutar til hans, í almennan tollflokk nr. 4015.1909. Þetta hafi verið gert með vísan til almennra reglna um túlkun tollskrár nr. 1 og 6. Enginn frekari rökstuðningur hafi legið að baki umræddri ákvörðun.

Málsatvikum er m.a. lýst svo í kærinni:

*„Kærandi er innflutnings- og dreifingaraðili á vörum frá austurríska fyrirtækinu sem er hluti af fyrirtækjasamstæðunni Semperit Technische Produkte. Meðal þeirra vara sem kærandi flytur inn eru einnota latex skoðunarhanskar (sem í málvenju heilbrigðisstarfsmanna nær yfir ensku vöruheitin: surgical gloves og examination gloves) af gerðinni Edition Exam-Tex-Lf frá SEMPERMED.*

*Um er að ræða mjög þunna (**thin**), einnota hanska sem eru framleiddir með dýfingu (**immersion**) í latex. Hanskarnir eru mjög teygjanlegir til að koma í veg fyrir að þeir rifni (**highly tear-resistant articles**). Slíkir hanskar eru notaðir af heilbrigðisstarfsfólki til að koma í veg fyrir sýkingar og smit. Varan hefur áratugum saman verið flutt inn fyrst og fremst til að mæta þörfum heilbrigðisstarfsfólks sem notar slíka einnota*

*hanska (surgical/examination gloves sterile and non-sterile) til skoðunar og við meðhöndlun sjúklinga í læknisfræðilegum tilgangi (medical) og til sýkingavarna.*

*Með ákvörðun Tollstjórans í Reykjavík frá 16. febrúar sl. voru einnota Sempercure Edition Exam-Tex-Lf hanskarnir tollflokkaðir í almennan flokk með tollskrárnúmer 4015.1909. Var það gert með vísan til almennra reglna um túlkun tollskrár nr. 1 og 6.*

*Kærandi leggur áherslu á meginvirkni hanskana, að þeir séu skoðunar- og meðhöndlunarhanskar til notkunar í heilbrigðisgeiranum. Kærandi vill taka af allan vafa og benda á að umræddir hanskar uppfylla alþjóðlega gæðavottunarstaðla ISO 13485 og ISO 9001:2000. Staðlarnir séu hvor um sig gæðastaðall fyrir skurð- og skoðunarhanska (sterile and non-sterile examination gloves). Þeir hanskar sem ætlaðir séu til annarra nota en í heilbrigðisgeiranum uppfylla ekki slíka staðla. Sempercure hanskarnir frá séu ekki sambærilegir þeim latex hönskum sem notaðir eru í öðrum tilgangi en að ofan greinir en almenn notkun einnota latex hanska er orðin algeng í dag í ýmsum geirum atvinnulífsins, t.d. eru bláir latex einnota hanskar víða notaðir við matvælavinnslu.“*

Þá tekur kærandi fram að aðilar séu sammála um að hanskarnir uppfylli skilyrði þess að falla undir kafla 40 og undirkafla 4015. Ágreiningurinn lúti hins vegar að því hvort varan uppfylli skilyrði þess að vera til skurðlækninga í skilningi tollflokks 4015.1100. Ef svo er ekki falli varan í hinn almennari flokk 4015.1909, sem ber heitið *annars* og á við latexhanska, sem eru ætlaðir til almennra nota utan heilbrigðisgeirans.

Í VI. kafla kærunnar, sem fjallar um vöruna, segir að hún uppfylli öll þau skilyrði, sem áskilin eru í kafla 40 og undirkafla 4015 og um það sé ekki ágreiningur. Síðan segir svo:

*„Varan sem um ræðir er einnota skoðunarhanskar sem er skv. íslenskri málvenju þýðing á „surgical gloves“ og „examination gloves“. Hún er sem fyrr segir vottuð með alþjóðlegum gæðavottunarstaðli ISO 13485 sem greinir notkunargildi hennar frá latex hönskum ætluðum til annarra nota en í heilbrigðisgeiranum. Ennfremur ber varan vottunina ISO 9001:2000 sem „sterile and non sterile examination gloves.“ Hanskar sem ætlaðir eru til almennra nota fá ekki slíkan gæðavottunarstaðal, enda eru gerðar minni kröfur til eiginleika og notkunargildis slíkra hanska heldur en þeirra sem hér um ræðir.*

*Um er að ræða mjög þunna einnota hanska sem eru framleiddir með dýfingu í latex. Hanskarnir eru mjög teygjanlegir til að koma í veg fyrir að þeir rifni. Almenn eru slíkir hanskar notaðir af heilbrigðisstarfsfólki til að koma í veg fyrir sýkingar og smit. Varan hefur frá upphafi verið flutt inn fyrst og fremst til að mæta þörfum heilbrigðisstarfsfólks sem notar slíka einnota skoðunarhanska (surgical gloves og examination gloves) við meðhöndlun sjúklinga.“*

Þá er í kærinni greint frá því að gerður hafi verið rammasamningur á vegum Ríkiskaupa um kaup á skurðstofu- og skoðunarhönskum fyrir heilbrigðisstofnanir. Telur kærandi að samningurinn renni stoðum undir þá fullyrðingu að hanskarnir uppfylli þær kröfur um skoðunarhanska, sem ætlaðir eru til nota í heilbrigðisgeiranum. Hanskar sem þessir séu að

mestu notaðir í íslenska heilbrigðiskerfinu, eins og tilskipun Evrópusambandsins nr. 93/42/EEC gerir ráð fyrir, sbr. 3. gr. laga nr. 16/2001 um lækningatæki en þ.á.m. flokkast slíkir hanskar. Þá segir svo orðrétt:

*„Rétt er í þessu samhengi að rekja merkingu hugtaksins „til skurðlækninga“ og hvernig það er skilgreint í tollskrá. Með orðalaginu „til skurðlækninga“ er átt við að varan sé ætluð til notkunar í heilbrigðisgeiranum t.d. við umönnun, meðhöndlun og ýmsar meðferðir svo sem við saumatökur vegna skurðlækninga, auk sýkingavarna. Að mati kæranda uppfyllir varan hlutbundin skilyrði þess að flokkast í 4015.11. Byggir kærandi þá afstöðu á skýru orðalagi í Brusselskránni þar sem fjallað er um umræddan vörulið. Þar segir orðrétt:*

*„Subheading Explanatory Note.*

*Subheading 4015.11*

*Surgical gloves are thin, highly tear-resistant articles manufactured by immersion, of a kind worn by surgeons. They are **generally** presented in sterile packs.”*

*Eins og sjá má eru sett fram ákveðin skilyrði í umræddri skýringu auk þess sem sett er fram almenn hugmynd um pökkun vörunnar. Þau skilyrði eru að umræddir latex hanskar séu þunnir, slitsterkir, framleiddir með dýfingu og af þeirri gerð sem læknar nota.*

*Þegar þessi skilyrði eru borin saman við vöru kæranda er ljóst að hún uppfyllir þau öll. Það skal tekið fram að umrædd vara sem kærandi flytur inn er ekki í sterílum pakkningum. Á það skal hins vegar bent að slíkar pakkningar eru ekki skilyrði fyrir tollflokkun í flokk 4015.11 heldur almenn viðmiðun sbr. orðalagið „**generally presented in sterile packs**“.*

*Það er því ljóst að varan sem um ræðir uppfyllir skilyrði tveggja vöruliða. Annar þeirra er almennari en hinn er sértækari.“*

Í VIII. kafla kærunnar gerir kærandi grein fyrir almennum túlkunarreglum tollskrárinnar og hvernig þeim skuli beitt. Hann vekur í því sambandi athygli á því að aðilar málsins séu sammála um að varan, sem um ræðir, uppfylli skilyrði þess að falla undir kafla 40 og undirkafla 40.15. Ágreiningurinn lúti hins vegar að því hvort varan uppfylli skilyrði þess að vera *til skurðlækninga* í skilningi tollflokks 4015.11. Ef svo er ekki falli varan í hinn almennari flokk 4015.1909 annars.

Að mati kæranda uppfyllir varan hlutbundin skilyrði þess að flokkast í 4015.11 og af skýringum Brusselskrárinnar verði ráðið að hún uppfylli líka skilyrði þess að flokkast í tvo vöruflokka. Annar þeirra sé almennur og hinn sértækur. Hann bendir á að skv. túlkunarreglu 3.a skuli taka þann vörulið, sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu, fram yfir þann með almennri vörulýsingu. Lýsing á flokk 4015.11 í tollskrá sé nákvæmari en almenna lýsing á tollflokki 4015.19. Verði af þeim sökum að hans mati ekki annað ráðið en að flokkur 4015.11 sé sá vöruliður, sem hefur nákvæmari vörulýsingu í skilningi áður nefndrar túlkunarreglu 3.a.

Þá áréttar kærandi að við skýringu á tollskrárnúmeri 4015 sé það grundvallaratriði að ákvæðið veitir enga heimild eða tilefni til rýmri skýringar en samkvæmt orðanna hljóðan. Í því samhengi minnir hann á niðurstöðu ríkistollanefndar um orðskýringu á tollflokki 4008 í úrskurði 7/2007. Á sama hátt bendir hann á úrskurð ríkistollanefndar nr. 8/2005 en þar leggi nefndin áherslu á að til staðar þurfi að vera hin ófrávíkjanlegu skilyrði, sem mælt er fyrir í tollskrá. Það sé því efnismeðferð mála óviðkomandi hvaða tilgang vörur hafa ef ekki er til staðar heimild til þess að taka slíkt til skoðunar. Í umræddum úrskurði var slík heimild ekki til staðar frekar en í þessu máli. Hafði því tilgangur vöru í úrskurðinum engin áhrif á tollflokkun hennar og verður ekki séð að tilgangur umræddrar vöru eigi að hafa slík áhrif hér. Að auki bendir kærandi í þessu sambandi á niðurstöður Evrópudómstólsins í málum C-273/09 (42. mgr.) C-142/06 (mgr. 16) og sameinuðum málum C-362/07 og C-363/07 (mgr. 26). Að auki vekur hann athygli á því að Evrópudómstóllinn hafi einnig slegið því föstu að þegar kæmi að því að skilja á milli vöru með sérstaka eiginleika og vöru með almenna eiginleika beri að velja fyrri kostinn ef varan ber eitthvað af þeim eiginleikum, sem skilja hana frá almennum vörum sama eðlis, sbr. niðurstæða dómstólsins í sameinuðum málum C-260/00 og 262/00.

Í IX. kafla kærunnar víkur kærandi að erlendum fordæmum og bendir á að í fjölmörgum málum erlendis hafi verið kveðnir upp úrskurðir vegna hanska, sem ýmist eru ætlaðir til nota við heilbrigðisstörf, eða sem eru ætlaðir við störf almennt. Að hans mati hafi í erlendri tollaframkvæmd verið tekið á þessu álitamáli og mörkin dregin milli þessara vara með því að taka mið af ólíku notagildi þeirra annars vegar í heilbrigðiskerfinu og hins vegar utan þess. Rekur hann nokkra úrskurði, sem kveðnir hafa verið upp um tollflokkun á einnota latex hönskum, sem hann telur lýsandi um það hvernig línan sé dregin milli skilgreininga á *medical* og *non medical*, þ.e. milli tollskrárnúmera 4015.11 og 4015.19. Bendir hann í því sambandi á úrskurði í máli CLA-2 RR:CR:GC 964839 AM, í CLA-2 RR:CR:GC 964838 AM, og CLA-2 RR:CR:GC 964836 AM.

Síðan segir svo orðrétt:

*„Niðurstæðan af framangreindum fordæmum er því augljós. Medical og non medical aðgreining sker úr um hvort þeir flokkist í 4015.11 eða 4015.19. Þeir hanskar sem Eirberg selur og eru af gerðinni Sempercure Edition Exam-Tex-Lf eru skilgreindir sem medical hanskar; einnota, duftlausir latex hanskar og því sérstaklega seldir til heilbrigðisstofnana í þeim tilgangi. Það skal því ítrekað hér að hanskar þeir sem Eirberg flytur inn, Sempercure Edition Exam-tex-Lf frá eru sérstaklega merktir sem medical hanskar og hafi fengið alþjóðlegar gæðavottanir sem slíkir (ISO vottun 13485 og ISO vottun 9001:2002).*

*Ljóst er að um er að ræða latex hanska sem ætlaðir eru fyrst og fremst til notkunar í læknisfræðilegum tilgangi (medical) og njóta alþjóðlegrar vottunar sem slíkir. Af því leiðir að réttilega skal flokka þá í flokk 4015.1100 en ekki í flokk 4015.1909 eins og tollstjóri hefur gert.“*

Í X. kafla kvartar kærandi yfir málsmeðferð Tollstjóra og telur hana ekki fullnægja skilyrðum stjórnarsýslulaga um faglega meðferð mála. Hann telur embættið hafa sniðgengið ítarlega rakin og rökstudd sjónarmið sín með því að víkja ekki að þeim einu orði í lokaákvörðun sinni í málinu.

Kærandi krefst þess að ákvörðun Tollstjóra frá 16. febrúar sl. um tollflokkun á einnota Sempercare Edition Exam-Tex-Lf latex skoðunarhönskum verði felld úr gildi. Þá er þess krafist að ríkistollanefnd tollflokki latex hanskana í tollskrárnúmer 4015.1100 (hanska, belgvettlinga og vettlinga, ætlaða til skurðlækninga), líkt og framleiðandinn gerir samkvæmt úrskurði austurrískra tollayfirvalda sem starfa undir sameiginlegum tollaramma Evrópska efnahags-svæðisins.

### III

Kæran var sendi Tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 15. apríl 2011. Í svari hans, er barst nefndinni þann 3. júní s.á., segir m.a. að um sé að ræða latex gúmmíhanska, sem framleiddir séu með dýfingu eins og algengast sé nú við framleiðslu á einnota hönskum. Þeir séu ekki púðraðir eins og algengt sé. Seljandinn erlendis flokki hanska eftir því til hvaða nota hanskanir séu ætlaðir og í samræmi við það séu þessir hanskar flokkaðir sem „Examination gloves“, þ.e. skoðunarhanskar.

Í III. kafla umsagnar gerir Tollstjóri síðan svofellda grein fyrir sjónarmiðum sínum:

*„Til að átta sig á tollflokkun vörunnar vegur það þungt til hvaða nota varan er einkum ætluð, „principal use“ eins og fram kemur í bandarískum úrskurði er kærandi vísar til. Ýmislegt annað getur einnig komið til athugunar eins og fram kemur í téðum úrskurði. Þar á meðal eðliseinkenni, væntingar kaupanda, viðskiptamáti, hvernig varan er kynnt, til hverra nota er varan, fjárhagsleg hagkvæmni við notkun vörunnar og jafnvel viðurkenning markaðarins. Grundvallarreglur um tollflokkun koma fram í túlkunarreglum skrárinnar. Meginreglan þar er túlkunarregla 1 sem segir að orðalag vöruliða og athugasemda ráði mestu um tollflokkun. Þá segir í reglu 6 um undirliði að við val á undirliðum skuli farið eftir sömu reglu í megin atriðum. Ekki er ágreiningur um flokkun vörunnar í vörulið 4015. Deilan stendur um flokkun í undirlið og er því orðalag undirliða til athugunar. Kærandinn telur að orðalag 4015.1100 eigi hér helst við:*

*-Hanskar, belgvettlingar og vettlingar:*

#### **4015.1100 - - Til skurðlækninga**

*Sé svo verður að líta til ætlaðra nota vörunnar, „principal use“, og annarra atriða er á undan eru talin. Seljandi vörunnar flokkar þá undir „Examination gloves“ á vefsíðu sinni en ekki sem „Surgical gloves“. Hvoru tveggja hanskanir eru þó flokkaðir sem „Medical gloves“. Sams konar flokkun kemur einnig fram í öðrum gögnum er embættið hefur aflað, þ.e. að almennt er talað um medical gloves sem síðan eru flokkaðir Surgical gloves og Examination gloves en grundvallarmunur er þó milli þessa tegunda hanska. Það virðist gæta þess misskilnings í sumum athugunum að hanskar til lækninga, (medical gloves), séu allir í ofangreindu tollskrárnúmeri. Svo er þó ekki eins og skýrt má greina m.a. út frá ofangreindum upplýsingum frá framleiðanda/seljanda. Vísast einnig til meðfylgjandi gagna s.s. frá **DermNet** sem er vísindavefur sérfræðinga þar sem finna má skilgreiningu á hönskum til*

skurðlækninga. Það eru einkum þrjú skilgreiningaratriði sem skipta máli til þess að hægt sé að tala um skurðlækningahanska;

- 1) Framleiðendur þurfa að mæta meiri gæðakröfum en gilda um skoðunarhanska
- 2) Þeir eru dauðhreinsaðir og pakkað í sjálfstæðar umbúðir
- 3) Þeir fást í fleiri stærðum en skoðunarhanskar

Kærandi flytur einnig inn hanska sem uppfylla þessi skilyrði og er ekki ágreiningur um flokkun á þeim. Þeir hanskar sem ágreiningur stendur um eru samkvæmt upplýsingum framleiðenda þeirra skilgreindir sem skoðunarhanskar, þ.e. examination gloves. Sjá einnig vefsíðu framleiðanda [sempermed.com](http://sempermed.com) ásamt meðfylgjandi útprentun af síðunni í fylgiskjölum umsagnar. Þá er mjög víða hægt að finna aðrar heimildir þar sem fjallað er um hanska til skurðlækninga og þessum heimildum ber öllum saman um að læknahanskar, medical gloves, séu a.m.k. tvenns konar þ.e. skoðunarhanskar, examination gloves og surgical gloves, hanskar til skurðlækninga, og að grundvallarmunur sé þar á milli þrátt fyrir að þeir hafi samheitið læknahanskar, medical gloves. Miklar kröfur séu gerðar til skurðstofuhanska hvað varðar gæði og annað. Hvert par af slíkum hönskum sé til að mynda pakkað í dauðhreinsaðar umbúðir.

Samkvæmt upplýsingum Landlæknisembættisins er ekki til búnaður hérlendis til að dauðhreinsa almenna skoðunarhanska og óvíst hvort það sé í raun hægt yfir höfðuð. Því eru alltaf keyptir dauðhreinsaðir skurðlækningahanskar, surgical gloves, til nota við skurðlækningar hér á landi. Skoðunarhanskar eru aldrei keyptir til slíkra nota og eru aldrei notaðir við skurðlækningar. Í athugasemdum vegna rammasamnings um innkaup Landspítalans leggur Landlæknisembætti einnig til m.a. þá orðalagsbreytingu að í stað skurðstofuhanska komi dauðhreinsaðir hlífðarhanskar og í stað skoðunarhanska komi orðalagið hreinir hlífðarhanskar.

Eins og fram hefur komið í rökstuðningi Tollstjóra þá telur embættið að hér sé um að ræða einnota skoðunarhanska eða það sem kallað er á ensku „examination gloves“, en ekki hanska til skurðlækninga („surgical gloves“), eins og innflytjandi heldur fram. Almennt má segja til viðbótar um muninn á þessum hönskum, að hanskar til skurðlækninga eru nákvæmari í stærðum og hafa meiri næmni, auk þess sem framleiðsla þeirra byggir á meiri gæðum, sem leiðir til þess að þeir eru yfirleitt talsvert dýrari en einnota skoðunarhanskar. Að mati tollstjóra er hugtakið „hanskar til skurðlækninga“, mun skýrara og þrengra heldur en hugtakið skoðunarhanskar og verður að líta til þess við túlkun á því hvaða hanskar falli undir umrætt tollskrárnúmer. Tollstjóri deilir ekki um það að þeir einnota skoðunarhanskar sem innflytjandi flytur til landsins eru vissulega notaðir á sjúkrahúsum landsins, við ýmis læknastörf, s.s. við saumatöku ofl. en í samræmi við túlkunarneglu nr. 1 við tollskrá verða hanskar sem flokkast eiga í tollskrárnúmer 4015-1100 að vera sérstaklega gerðir til skurðlækninga – en ekki til almennrar læknisskoðunar eða annars.



*Kærandi rökstyður kröfu sína m.a. með því að í rammasamningi sem innflytjandi gerði við Ríkiskaup um sölu á hönskum, komi fram að um sé að ræða samning vegna kaupa á „skurðstofu – og skoðunarhönskum“. Tollstjóri getur ekki tekið undir það með umboðsmanni innflytjanda að það skipti máli hvað standi í umræddum samningi, heldur verði að horfa til eðlis þeirrar vöru sem hér um ræðir. Þess má þó geta að í 5. kafla samningsins þar sem fjallað er um öryggisbirgðir kemur fram að í landinu skuli ávallt vera til lágmarksbirgðir, 3.500.000 hanskar af tegundinni Sempercare Edition vörunúmer 8237 8104x, frá framleiðendum Sempermed. Á heimasíðu framleiðandans Sempermed.com kemur fram að þessi tegund af hönskum teljist til skoðunarhanska (examination gloves).*

*Kærandi vísar til nokkurra úrskurða erlendis frá, einkum frá Bandaríkjunum þar sem fram kemur að hanskar sem ekki séu medical, falla utan tollflokks 4015.1100 og skuli falla undir tollflokk 4015.1909. Málin eiga það sameiginlegt að komast að ofangreindri niðurstöðu. Hvergi hefur þó komið þar fram að medical hanskar, sem ekki eru ætlaðir til skurðlækninga séu þar útilokaðir, þvert á móti.*

*Tollstjóri getur ekki fallist á að málsmeðferð í máli þessu hafi ekki verið í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga. Bæði í tilkynningu um fyrirhugaðan úrskurð og í úrskurði sínum komu fram þau sjónarmið sem tollstjóri byggir á í þessu máli. Í úrskurði sínum svarar tollstjóri þeim atriðum er fram koma í andmælabréfi kæranda sem skipta máli í þessu sambandi. Þá má geta þess, að til að tryggja enn frekar vandaða málsmeðferð gagnvart innflytjanda, þá heimsóttu fulltrúar embættisins starfsstöð innflytjanda og skoðuðu þá vöru sem hér um ræðir, áður en tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð var send út.“*

Að þessu sögðu gerir Tollstjóri síðan þá kröfu að hin kærða endurákvörðun verði staðfest og umræddir hanskar, Sempercare Edition, verði tollflokkaðir í tnr. 4015.9009 með sömu rökum og í álitinu greinir, sbr. túlkunarreglur 1 og 6 við tollskrá.

#### IV

Greinargerð Tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi dags. 8. júní 2011. Í I. kafla svars hans til nefndarinnar frá 26. ágúst s.á. bendir hann á að í þeim löndum innan EES, sem Ísland ber sig hvað mest saman við, sé umrædd vara flokkuð í tollflokk 4015.1100, og megi í því sambandi t.d. nefna Austurríki og Noreg. Þau gögn, sem framleiðandi og kærandi notast við, komi frá umræddum löndum. Sú vara, sem hér um ræðir, sé að langstærstum hluta seld til sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana. Það leiði af sér að möguleg hækkun á tollum hennar lendi á heilbrigðiskerfinu, sem er rekið fyrir opinbert fé. Það sé í raun á þeim forsendum, sem umræddur tollflokkur nýtur hagkvæmra tolla enda til lítils fyrir hið opinbera að sækja tekjur, sem sjálfkrafa koma svo aftur fram í útgjaldaliðum þess.

Í II. kafla svarsins er bent á að framleiðandi umræddrar vöru, Sempermed, sé einn stærsti framleiðandi skurðstofu- og skoðunarhanska í heiminum. Framleiðandinn fylgi tollareglum ESB svæðisins og flokki Sempercare hanskana í tollflokk 4015.1100 sbr. úrskurð austurrískra

tollyfirvalda. Í löndum ESB og annars staðar á hinu evrópska efnahagssvæði, s.s. Austurríki og Noregi sé stuðst við sömu tollflokkun. Síðan segir svo orðrétt:

*„Hugtakið skurðstofuhanskar, sem eru sterílir hanskar, er augljóslega þrengra hugtak en hanskar „til skurðlækninga“. Dauðhreinsaðir skurðstofuhanskar eru notaðir í sterílum aðstæðum, fyrst og fremst við aðgerðir á skurðstofum. Starfsemi skurðlækninga á heilbrigðisstofnunum á sér hins vegar stað víða utan skurðstofa. Sú lýsing sem tollskráin miðar við í undirflokknum 4015.1100 á hins vegar bæði við um skurðstofuhanska og skoðunarhanska til notkunar í heilbrigðisgeiranum, sbr. orðalagið í tollskrá ESB:*

*„Surgical gloves are thin, highly tear-resistant articles manufactured by immersion, of a kind worn by surgeons. They are **generally** presented in sterile packs.“*

*Auk þess má benda á ónákvæmni í þýðingu á heiti tollaflokksins Surgical gloves“. Surgical vísar í enska nafnorðið surgeon sem þýðir handlæknir og surgeon general þýðir yfirlæknir skv. orðabók Arnar og Örlygs, 1984. Þá skal þess getið að í sameiginlegri tollskrá WCO er hugtakið surgical víða notað og því augljóslega ætluð víðtækari merking en sú að þar sé einungis átt við skurðlækningar með útilokandi hætti gagnvart t.d. lyflækningum og öðru starfsfólki á heilbrigðisstofnunum.*

*Hugtakið merkir því ekki aðeins skurðlæknir eins og tollstjóri virðist ganga út frá, þar sem „til skurðlækninga“ er of þröng túlkun. Hanskar í þessum flokki eru bæði til notkunar á skurðstofum og til notkunar á almennum sviðum heilbrigðisþjónustu samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisstarfsfólki.*

*Þegar til álita kemur í hvaða tollflokk vara eigi að fara, ef tveir eða fleiri tollflokkar koma til greina, skal hún sett í þann flokk sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu sbr. túlkunarreglu 3 við tollskrá. Vörulýsing í tollflokki 4015.1100 er nákvæmari en vörulýsing í tollflokki 4015.1909 og uppfyllir umrædd vara þau atriði sem talin eru upp í vörulýsingu við 4015.1100.*

*Tilvísun til skurðlækna í tollskilgreiningu tollflokks 4015.1100 er einungis til skýringar og til að sýna ákveðið samræmi en er ekki hugtaksskilyrði fyrir umræddan flokk. Þetta má vera augljóst þar sem tollflokkun vöru getur ekki tekið mið af því hver notar hana (í þessu tilfelli skurðlæknar) hverju sinni. Tollflokkun vöru verður að vera almenn og fara eftir efnislegum og hlutlægum mælikvörðum. Önnur niðurstaða leiddi það óhjákvæmilega af sér að sama varan breytti um tollflokk eftir því hvort notandi hennar væri skurðlæknir eða heimilislæknir. Slík niðurstaða væri með öllu órökrétt og ótæk.*

*Framleiðandi vörunnar skilgreinir hana sem medical gloves, undirflokkar medical gloves eru examination gloves og surgical gloves. Helsti munurinn á umræddum vörum er að surgical gloves eru sterílir en hinir ekki. Líkt og greint var frá að ofan er það ekki skilyrði skv. tollskrá að hanskar séu sterílir til að flokkast sem hanskar til skurðlækninga.*

*Framleiðandinn framleiðir einnig hanska sem ekki eru ætlaðir til nota innan heilbrigðiskerfisins, eru þeir enda sérstaklega merktir sem slíkir, Sempercare industrial, og ætti sú tegund réttilega að falla í tollflokk 4015.1909.“*

Í III. kafla svars síns tekur kærandi undir það sjónarmið Tollstjóra að við tollflokkun vöru vegi þungt til hvaða nota varan er ætluð. Umrædd vara sé ætluð, skv. framleiðanda hennar, til nota á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum, þ.e. *medical gloves*. Augljóst sé að tilgangur framleiðanda með framleiðslu umræddrar vöru sé að framleiða vöru til framangreindra nota, sést það best á skilgreiningu framleiðandans, *medical gloves*, sem og þeirri staðreynd að sami framleiðandi framleiði einnig aðra tegund svipaðrar vöru sem ekki er ætluð til nota á sviði heilbrigðis og lækninga, *Sempercare industrial* einnota hanskar.

Þá bendir hann á að í rammasamningsútbóði Ríkiskaupa nr. 15098, *Ýmsar gerðir af skurðstofu- og skoðunarhönskum fyrir heilbrigðisstofnanir*, sem þá stóð yfir, hafi ekki verið gerður greinarmunur á gæðum skoðunarhanska og skurðstofuhanska, báðar tegundir hafi þurft að uppfylla sömu gæðastaðlana, sem hann síðan tilgreinir. Munurinn á vörunum samkvæmt útbóðsskilyrðum hafi einungis falist í pakkningunum, stærðarflokkum og því að skurðstofuhanskar eru *dauðhreinsaðir*, sem ekki sé skilyrði skv. tollskrá heldur algengt. Síðan segir svo orðrétt:

*„Notagildi skurðstofuhanska og skoðunarhanska skarast víða og oft á tíðum eru það starfshættir heilbrigðisstarfsfólks sem ráða því hvor tegundin er notuð. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisstarfsfólki um dæmigerða notkun einnota hanska við skurðlækningar og -aðgerðir fer notkunin fram við eftirfarandi aðstæður svo dæmi sé tekið: 1. við skoðun sjúklings fyrir aðgerð eru notaðir skoðunarhanskar. 2. við aðgerðina sjálfa eru notaðir sterílir skurðstofuhanskar. 3. við eftirfylgni eru notaðir skoðunarhanskar, þ.e. við skoðun á skurðsári, umbúðaskipti og saumatöku.*

*Tollstjóraembættið telur upp þrjú skilgreiningaratriði sem það telur að uppfylla þurfi svo að um sé að ræða hanska til skurðlækninga.*

*Í fyrsta lagi að framleiðendur þurfi að mæta meiri gæðakröfum en gilda um skoðunarhanska. Þetta á ekki við rök að styðjast eins og glögg kemur fram í nýlegri kröfulýsingu í Rammasamningsútbóði Ríkiskaupa á skurðstofu- og skoðunarhönskum fyrir heilbrigðisstofnanir.*

*Í annan stað að hanskar þurfi að vera dauðhreinsaðir og pakkaðir í sjálfstæðar umbúðir. Þetta á ekki heldur við rök að styðjast þar sem einungis er kveðið á um að almennt séu skurðlækningahanskar sterílir en ekki er minnst á að það sé skylt. Þá er hvergi í tollskránni vikið orðum að því að stakir hanskar eða hanskapör til skurðlækninga skuli vera sérpakkaðir.*

*Þriðja atriðið sem embættið nefnir er að fleiri stærðir fái af skurðlækningahönskum en skoðunarhönskum. Rétt er það hjá embættinu að fleiri stærðir eru í boði af sterílum hönskum, en hins vegar er hvergi í tollskránni kveðið á um að bjóða skuli tiltekinn fjölda stærða af vörunni svo að hún falli í þann tollflokk sem um er deilt.*

*Hefði staðið vilji til þess að ofangreind þrjú atriði þyrftu að vera uppfyllt svo að um væri að ræða hanska til skurðlækninga í skilningi tollskrárinnar hefði það verið tekið fram í tollskránni. Það var ekki gert heldur er þvert á móti hugtakið til skurðlækninga skilgreint sem vara sem ætluð sé til notkunar í heilbrigðisgeiranum t.d. við umönnun og skoðun sjúklings, meðhöndlun og ýmsar meðferðir svo sem við skoðun á skurðsári, umbúðaskipti og við saumatökur við skurðlækningar, auk sýkingavarna. Af ofantöldu er ljóst að sú vara sem hér um ræðir uppfyllir þau hlutbundnu skilyrði sem ætlast er til að vörur sem falla í tollflokk 4015.1100 uppfylli.“*

Í IV. kafla svarsins er vakin athygli á því að kærandi hafi áður bent á að umrædd vara hafi verið skráð á tollafgreiðslunúmerið 4015.1100 eftir tilmælum tollyfirvalda og öllum þeim gögnum, sem hann styðst við. Hafi huglæg afstaða tollyfirvalda, um ákvörðun vara í tollflokka, breyst sé ekki við hann að sakast og því fráleitt að krefjast afturvirkjar greiðslu á hans hendi. Ný afstaða tollyfirvalda eigi því einungis að virka framvirkt en ekki afturvirkt. Fyrirtæki og einstaklingar eigi ekki að þurfa að búa við þann ótta að tollyfirvöld geti ákvarðað að breyta tollflokki afturvirkt og þannig átt á hættu að þurfa að greiða tolla af vöru sem kom til landsins löngu fyrr, og tollflokkuð í samráði við tollayfirvöld. Þá samræmist það ekki jafnræðisreglum að leggja gjöld á vörur sem búið er að tollafgreiða og heimila innflutning á þegar innflytjandi hefur enga möguleika á að breyta verði vöru til að koma til móts við aukin vörugjöld, þar sem varan er að mestu leyti komin úr höndum innflytjenda til notkunar á heilbrigðisstofnunum.

Loks ítrekar kærandi fyrri kröfur ásamt því að taka fram að athugasemdir og kröfugerð tollstjóraembættisins breyti engu þar um.

## V

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir þau gögn, sem málsaðilar hafa lagt fram. Ágreiningur í málinu snýst um tollflokki á einnota latexhönskum af gerðinni Sempercare Edition Exam-Tex-Lf einnota latexhönskum til heilbrigðis skoðunar og meðhöndlunar á sjúklingum ætluðum til nota á heilbrigðisstofnunum (Examination gloves).

Umræddir hanskar eru framleiddir með dýfingu eins og algengast er við framleiðslu á einnota hönskum og eru þeir mjög teygjanlegir til að koma í veg fyrir að þeir rifni. Ekki er ágreiningur milli aðila um að hanskar falli undir kafla 40 í tollskrá og undirkafla 4015. Þá er ekki ágreiningur með aðilum um að hanskar þessir séu í öryggisskyni mjög gjarnan notaðir af heilbrigðisstarfsfólki, t.d. til að koma í veg fyrir sýkingar og smit við skoðun og meðhöndlun sjúklings. Ágreiningurinn snýst fyrst og fremst um það hvort varan uppfylli skilyrði þess að vera til skurðlækninga í skilningi tnr. 4015.1100

Um árábil hefur tollframkvæmd hér á landi verið á þá leið að aðeins þeir hanskar, sem eru sótthreinsaðir (steriliseraðir) og sérpakkaðir, flokkist í tnr. 4015.1100. Í því sambandi hafa tollyfirvöld stuðst við skýringar alþjóðatollaráðsins en þar segir svo við skýringar á undirflokknum 4015.11:

„Surgical gloves are thin, highly tear-resistant articles manufactured by immersion, of a kind worn by surgeons. They are generally presented in sterile packs“.

Með hliðsjón af ofangreindri skýringu alþjóðatollaráðsins er það ekki fortakslaust skilyrði að skurðstofuhanskar séu sótthreinsaðir heldur að þeir séu það að jafnaði. Því verður að fallast á það með kæranda að auk sérpakkaðra og dauðhreinsaðra hanska geti eftir atvikum hanskar, sem sérstaklega eru framleiddir og seldir sem skurðstofuhanskar, án þess að vera dauðhreinsaðir í sérpakkningum, geti fallið undir tnr. 4015.1100. Til þess að hanskar flokkist í umrætt tollskrárnúmer verður að mati nefndarinnar hins vegar að gera það skilyrði að framleiðandi þeirra tilgreini með óyggjandi og ótvíræðum hætti að varan sé til notkunar við skurðlækningar.

Sú vara, sem hér er deilt um tollflokkun á, uppfyllir ekki þessi skilyrði. Fyrir liggur í málinu að framleiðandi vörunnar framleiðir einnig sérstaka hanska fyrir skurðlækningar og gerir greinarmun á þeim og skoðunarhönskum, sem um er að véla í þessu máli, þó báðir séu notaðir í heilbrigðisgeiranum. Verður að fallast á það með Tollstjóra að meiri gæðakröfur séu gerðar til skurðstofuhanska en skoðunarhanska, þeir séu að jafnaði dauðhreinsaðir í sjálfstæðum umbúðum auk þess að vera boðnir í fleiri stærðum en gerist og gengur með skoðunarhanska. Verður því ekki fallist á það með kæranda að varan uppfylli öll skilyrði þess að flokkast sem skurðstofuhanskar.

Svo sem að framan hefur verið rakið heldur kærandi því fram að varan uppfylli hlutbundin skilyrði þess að flokkast í tnr. 4015.1100. Að auki uppfylli hún að hans mati skilyrði til að flokkast í tvo vöruflokk, annan almennan og hinn sértækan. Í þessu sambandi bendir hann á að lýsing á tnr. 4015.1100 sé nákvæmari en lýsing á tnr. 4015.1909. Þar sem vara sú, er hér um ræðir, búi yfir sérstökum eiginleikum, sem skilja hana frá almennum vörum sama eðlis, sé nærtækara að hans mati með hliðsjón af túlkunarreglu 3 a. að velja tnr. 4015.1100 enda hafi hann nákvæmari vörulýsingu eins og áður segir.

Í upphafi tollskrárinnar er að finna almennar reglur í 6 töluliðum um túlkun tollskrárinnar og hafa þær líkt og tollskráin sjálf lagagildi, sbr. viðauki I við tollalög nr. 88/2005. Samkvæmt túlkunarreglu 1 eru fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla. Komi til álita að telja vörur til tveggja eða fleiri vöruliða skal skv. túlkunarreglu 3 a sá vöruliður, sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu, tekinn fram yfir þann vörulið með almennri vörulýsingu við flokkun vörunnar. Loks er þess að geta að samkvæmt túlkunarreglu 6 skal flokkun vara í lagalegu tilliti í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði.

Vöruliðurinn 4015 ásamt undirliðum er svohljóðand:

**4015** **Fatnaður og hlutar til hans (þar með taldir hanskar, belgvettlingar og vettlingar<sup>5</sup>), til hvers konar nota, úr vúlkaníseruðu gúmmíi, þó ekki harðgúmmíi:**

Hanskar, belgvettlingar og vettlingar:

4015.1100 Til skurðlækninga

Aðrir:

4015.1901	Öryggishanskar, viðurkenndir af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt reglum nr. 501 31. ágúst 1994
4015.1909	Annars
4015.9000	Annað

Eins og nú hefur verið rakið ber við túlkun tollskrár að leggja megináherslu á að flokka vörur eftir orðalagi vöruliðar, verði því við komið. Að mati nefndarinnar er orðalag vöruliðar 4015.1100 bæði skýrt og ótvírætt og því verða aðeins þeir hanskar flokkaðir í vörulið þennan, sem sérstaklega eru gerðir til skurðlækninga. Ekki er hægt að fallast á það með kæranda að jafna megi *notkun við skurðlækningar* við almenna notkun í heilbrigðisgeiranum, t.d. við umönnun, meðhöndlun og ýmsar meðferðir. Með hugtakinu til skurðlækninga er þvert á móti verið að vísa til mjög sérhæfðrar notkunar þar sem eðli málsins samkvæmt eru gerðar miklar gæðakröfur til vörunnar. Að mati ríkistollanefndar hefur kæranda ekki tekist að sýna fram á að skoðunarhanskar þeir, sem um ræðir í þessu máli, séu sérstaklega ætlaðir til skurðlækninga.

Þá er ekki heldur fallist á þá málsástæðu kæranda að með hliðsjón af túlkunarreglu 3.a beri fremur að velja tollflokk 4015.1100 en 4015.1909 í ljósi þess að varan búi yfir sérstökum eiginleikum, sem greini hana frá almennum vörum sama eðlis. Svo sem að framan greinir lítur nefndin svo á að í tnr. 4015.1100 falli einungis hanskar, sem sérstaklega eru ætlaðir til notkunar til skurðlækninga samkvæmt upplýsingum þar um af hálfu framleiðanda þeirra. Þar sem kæranda hefur ekki tekist að sýna fram á að umræddir hanskar uppfylli skilyrði til að flokkast í 4015.1100 kemur sá tollflokkur ekki til greina við úrlausn þessa álitaefnis, þó svo að varan kunni að hafa ýmsa eiginleika skurðstofuhanska að öðru leyti. Þegar af þessari ástæðu kemur umrædd túlkunarregla ekki til frekari athugunar í þessu samhengi.

Þá getur ríkistollanefnd ekki fallist á að rammasamningur Ríkiskaupa og kæranda um skurðstofu- og skoðunarhanska fyrir heilbrigðisstofnanir geti breytt nokkru við tollflokkun vörunnar. Í því efni ræður sem endranær eðli hennar sjálfrar og ákvæði tollskrár fyrst og fremst niðurstöðunni.

Þá verður að fallast á það með Tollstjóra að tilvísun kæranda í bindandi álit austurrískra tollýfirvalda frá árinu 2001 sé þeim annmarka háð að ekki er í því eða gögnum málsins að öðru leyti að finna nákvæmar upplýsingar um gerð og eiginleika þeirra hanska, sem það mál snérist um. Því verður ekki tekið mið af nefndu álitni við úrlausn þessa máls.

Þá kemur til skoðunar hvort fella beri umrædda hanska undir tnr. 4015.1901 fremur en tnr. 4015.1909 eins og úrskurður Tollstjóra kveður á um. Svo sem að framan er rakið þá falla öryggishanskar, viðurkenndir af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt reglum nr. 501 31. ágúst 1994, í fyrrnefnda vöruliðinn. Við úrlausn þessa álitaefnis verður ekki hjá því komist að horfa til úrskurðar ríkistollanefndar í máli nr. 13/2010, sem kveðinn var upp hinn 21. apríl sl.

Í máli nr. 13/2010 var m.a. tekist á um hvort tilteknir öryggishanskar uppfylltu skilyrði tollskrár um að flokkast í tnr. 4015-1901. Tollstjóri taldi skilyrði tollskrár ekki uppfyllt þar sem umræddir hanskar nytu ekki sérstakrar viðurkenningar Vinnueftirlits ríkisins eins og áskilið væri. Í málinu lá fyrir að Vinnueftirlitið taldi sig aldrei hafa haft viðhlýtandi lagaheimild til

Þess að viðurkenna öryggishanska. Því kæmi ekki til greina af hálfu stofnunarinnar að veita slíka viðurkenningu hvað sem liði áformum tollskrár þar um. Í málinu lá einnig fyrir að framleiðandi umræddra hanska hafði í samræmi við reglur 501/1994 um gerð persónuhlífa aflað sér lögformlegrar viðurkenningar skoðunarstofu um að þeir féllu í flokk 3 (Cat III). Í þennan flokk falla persónuhlífar, sem ætlaðar eru sem vernd gegn lífshættu eða alvarlegri, varanlegri hættu þar sem notandinn getur ekki gert sér grein fyrir hættunni í tíma, og bera viðeigandi CE-merkingu og táknmynd í samræmi við það.

Því er skemmst frá að segja að niðurstaða ríkistollanefndar var í stuttu máli á þá lund að líta yrfi svo á að vottanir viðurkenndra vottunarstofa í samræmi við reglur 501/1994 um að hanskar þeir, sem málið snérist um, falli í flokk 3 (þ.e. Cat III) og beri viðeigandi CE-merki, auk númers skoðunarstofu og viðeigandi táknmyndir, jafngildi viðurkenningu af hálfu Vinnueftirlitsins í skilningi tollskrár. Í samræmi við þetta ber samkvæmt úrskurðinum að flokka þá hanska úr vólkaníseruðu gúmmíi, þó ekki harðgúmmíi, sem uppfylla framangreint skilyrði um vottun um að þeir uppfylli skilyrði fyrir að falla í flokk 3 ( Cat III), í tnr. 4015.1901.

Í máli því, er hér er til úrlausnar, liggur fyrir að Sempercure Edition Exam-Tex-Lf einnota latexhanskar til heilbrigðisskoðunar og meðhöndlunar á sjúklingum hafa verið vottaðir af SATRA technology Centre (kenninúmer 0321 sem persónuhlíf, er falli í flokk 3 (Cat III), þ.e. persónuhlíf, sem ætluð er sem vernd gegn lífshættu eða alvarlegri, varanlegri hættu þar sem notandinn getur ekki gert sér grein fyrir hættunni í tíma.

Með vísan til þess sem nú hefur verið rakið og með hliðsjón af túlkunarreglu 3 a og úrskurði ríkistollanefndar nr. 13/2010 frá 21. apríl sl. er niðurstaða nefndarinnar sú að flokka beri Sempercure Edition Exam-Tex-Lf einnota latexhanska til heilbrigðisskoðunar og meðhöndlunar á sjúklingum sem öryggishanska í tnr. 4015.1901.

Að lokum tekur ríkistollanefnd fram að hún fellst ekki á það með kæranda að málsmeðferð Tollstjóra hafi ekki fullnægt skilyrðum stjórnýsluréttar um faglega meðferð mála, þar sem hann hafi í lokaákvörðun sinni ekki hirt um að geta þeirra sjónarmiða, sem kærandi lagði fram. Að mati ríkistollanefndar er bæði í tilkynningu um fyrirhugaðan úrskurð og síðan enn frekar í úrskurðinum sjálfum gerð nægileg grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem Tollstjóri byggir úrlausn sína á. Fallast má á að gera hefði mátt ögn fyllri grein fyrir andmælum kæranda í úrskurði tollstjóra en sá annmarki telst þó ekki verulegur. Þá liggur fyrir að áður en tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð var send kæranda heimsóttu fulltrúar embættisins starfsstöð hans og skoðuðu vöru þá, er mál þetta snýst um. Með hliðsjón af því sem að ofan er rakið þykir ríkistollanefnd ekki efni til þess að gagnrýna málsmeðferð Tollstjóra í málinu.

Með vísan til alls þess, sem hér að framan hefur verið rakið, er ákvörðun Tollstjóra frá 16. febrúar 2011 um að flokka beri Sempercure Edition Exam-Tex-Lf einnota latexhanska, sem ætlaðir eru til heilbrigðisskoðunar og meðhöndlunar á sjúklingum í tnr. 4015.1909, felld úr gildi. Hanska þessa ber að flokka í tnr. 4015.1901.

Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð: Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er hinn kærði úrskurður Tollstjóra nr. 3/2011 felldur úr gildi. Sempercure Edition Exam-Tex-Lf einnota latexhanskar, sem ætlaðir eru til heilbrigðisskoðunar og meðhöndlunar á sjúklingum ber að flokka í tnr. 4015.1901.